Viðmið vegna skólanámskrár leikskóla Kópavogs

Í 14. grein laga um leikskóla 2008 segir:

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskrá skal endurskoða á fimm ára fresti. [Börnum skal veitt tækifæri til að taka þátt í gerð skólanámskrár.]

Ný aðalnámskrá leikskóla tók gildi 1. september 2023. Í kjölfarið vinna leikskólar að endurgerð skólanámskrár leikskólans sem skal skilað inn rafrænt til leikskóladeildar. Heimasíður leikskóla skulu ávallt geyma nýjasta eintak af skólanámskrá leikskólans.

Viðmið um gæði:

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur skólanámskrár eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014[1].

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur.**

[1] Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg (reykjavik.is)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Leikskóli: Marbakki

Dagsetning yfirferðar: 20. febrúar 2026

Byggt á aðalnámskrá leikskóla 2023 og lögum um leikskóla (https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html)	**Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur**	**Athugasemdir**
Leikskólinn		
• Saga leikskólans		
• Almennt um námskrá leikskólans og áherslur		
• Er fjallað um menningu og hefðir leikskólans?		Fjallað er um menningu og hefðir í skólanum en ekki tilgreindar hverjar þær eru.
• Hver kom að mótun skólanámskrárinnar? ✓ Er gerð grein fyrir þátttöku starfsfólks? ✓ Er gerð grein fyrir aðkomu foreldra? ✓ Er gerð grein fyrir aðkomu barna?		Tilgreina mætti hver aðkoma barna er að að námskránni.
Sýn á nám leikskólabarna		
• Er gerð grein fyrir á hvern hátt börnin eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu?		
• Gerið grein fyrir áherslum í leik og námi barna. Birtast áherslur í leik barna sem hluti af námsleið þeirra?		
Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefna Kópavogsbæjar, Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið.		
• Eru grunnþættir menntunar tilgreindir í skólanámskrá; **sjálfbærni, sköpun, læsi, heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi?**		
• Er fjallað um námssvið aðalnámskrár; **læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu?**		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

• Fjallar leikskólinn um þær leiðir/verkefni sem hann fer til að ná markmiðum aðalnámskrár og námssviða?		
Hugmyndafræðilegar áherslur og sýn leikskólans. Sérstaða leikskólans		
• Tilgreina uppeldisfræðilega stefnu skólans?		
• Hver eru gildi/leiðarljós leikskólans		
• Hvaða aðferðir og leiðir eru farnar til að vinna að þeim		
Leikur og nám		
• Sjálfsprottinn leikur ✓ Yngstu börnin ✓ Valdefling ✓ Fjölskynjun ✓ Hlutverk kennara í leik barna		Lesa má í gegnum skólanámskránna að lögð er áhersla á vinnu með yngstu börnin, valdeflingu og fjölskynjun þó hugtökin séu ekki sérstaklega skilgreind.
Námsumhverfi		
• Fjölskyldan og leikskólinn ✓ Inngilding ✓ Fullgilding ✓ Farsæld barna		Lesa má í gegnum skólanámskránna að lögð er áhersla á inngildingu og fullgildingu þó hugtökin séu ekki sérstaklega skilgreind.
Starfsfólk		
• Starfsmannastefna • Starfsmannahandbók		Hvorki er tilgreind starfsmannastefna leikskólans né hvort sé til starfsmannahandbók en þó má sjá áhersluþætti.
Samstarf og samskipti		
• Hverjar eru áherslur í stjórnun leikskólans?		Mætti hnykkja betur á stjórnunaráherslum skólans.
• Markmið og leiðir sem farnar eru í samskiptum barna, barna og fullorðinna, starfsfólks sín á milli og milli starfsfólks og foreldra?		
Samstarf leikskóla og heimilis		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

• Birtast markmið og leiðir í samskiptum við foreldra?		
• Foreldraráð		Foreldraráð gefur skólanámskránni umsögn en ekki er tilgreint um starfsemi þess.
• Foreldrafélag		Skilgreining á foreldrafélagi vantar og hvort það sé starfandi við leikskólann.
Skólaþjónusta í leikskóla		
• Er gerð grein fyrir hvernig skólaþjónustu er háttað í leikskólanum þegar barn þarf á sérstakri íhlutun að halda?		
Samstarf og tengsl milli skólastiga		
• Er gerð grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi, aðlögun og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga?		
• Kemur fram hvaða upplýsingar fylgja barni milli skólastiga? (https://island.is/reglugerdir/nr/0896-2009)		
Nærumhverfi/samstarf		
• Er fjallað um samstarf leikskólans við stofnanir í nærumhverfi t.d. listasöfn, bókasöfn, dvalarheimili?		
Mat og eftirlit		
• Innra mat ✓ Er gerð grein fyrir vinnulagi sem leikskólinn hefur sett sér til að meta innra starf, starfsaðferðir og sérstöðu leikskólans?(Þættir til mats; stjórnun, uppeldi og menntastarf, mannauður, leikskólabragur, innra mat). ✓ Er tilgreint vinnulag við einstaklingsmiðað mat og hópmiðað mat samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (sjá kafla 10, mat á leik, námi og velferð barna).		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

• Ytra mat Er tilgreint vinnulag við ytra mat		
Starfsáætlun		
Öryggismál		Umfjöllun um öryggismál vantar.
Umsögn foreldraráðs um skólanámskrána		
Annað:		Metnaðarfull skólanámskrá þar sem skýr sýn er á starfið, barnið í brennidepli og hugað er vel að öllum sem tilheyra samfélagi leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026